

Pétur Ingi Haraldsson,  
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps  
Dalbraut 12, 840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 21. janúar 2013  
Tilvísun: UST20121200013/ksj

## Tillaga að deiliskipulagi fjallasels í Þjófadölu

Vísað er til erindis er barst 5. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi skálasvæðis í Þjófadölu í Bláskógabyggð.

### Markmið

Markmið með deiliskipulaginu er að staðfesta núverandi mannvirki og bjóða gönguhópum á hálendinu viðunandi gistingu og hreinlætisaðstöðu. Tillaga að deiliskipulagi nær til núverandi skála og kamars og innan þess verður nýtt salernishús einnig staðsett. Skipulagið gerir ráð fyrir að öll mannvirki skuli tengjast almennri ferðaþjónustu.

Helstu stefnumið áætlunarinnar eru eftirfarandi:

- Staðfesta lóðarmörk og lóðarstærðir, sem forsendu fyrir leigusamningum.
- Nýtt salernishús (vatns- eða þurrsalerni).

### Staðhættir og framkvæmd

Á svæðinu er hverfisvernd, sem fylgir mörkum sem sett eru um náttúruminjaskrá. Verndinni er ætlað að tryggja að mannvirkjagerð verði í lágmarki og haft verði samráð við náttúruverndaryfirvöld vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Deiliskipulagstillagan nær til um 1 ha svæðis og nær til núverandi skála, kamars og fyrirhugaðs salernishúss. Núverandi skáli er 16,7m<sup>2</sup> og í skilmálum kemur fram að leyfilegt er að viðhalda og endurbyggja skála í sömu stærð. Áætlað er að reisa salernishús er verði 10m<sup>2</sup> að hámarki. Einnig er vetrarkamar á svæðinu 3m<sup>2</sup> að grunnflatarmáli.

### Náttúrufar og náttúruminjar

Skálinn stendur í dalkvos þar sem er skjólgott og gróðursælt. Litadýrð er mikil í fjöllunum í kring þar sem litskrúðugt líparít er ríkjandi.

Umhverfisstofnun bendir á að Þjófadalar er svæði nr. 733 á náttúruminjaskrá og þar segir: „*Stórkorið og sérkennilegt landslag í nánd við jökul. Grösuð dalverpi í yfir 600 m h.y.s.*“

Umhverfisstofnun leggur ríka áherslu á að gerðar verði fullnægjandi ráðstafanir til að tryggja að svæði á náttúruminjaskrá og næsta nágrenni þess spíllist ekki.

### Vegir og bílastæði

Í greinargerð er fylgir deiliskipulagstillögu kemur fram að: „*Ekki er akfært að skála, en vegslóði liggar að bílastæði sem staðsett er uppi á Pröskuldi. Þaðan er gönguslóði heim að skála*

Umhverfisstofnun bendir á að skv. lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd samkvæmt er utanvegaakstur bannaður, en gerir ekki athugasemd við umfjöllun um vegin.

### Neysluvatn og vatnsvernd

Í greinargerð kemur fram að gert er ráð fyrir að borað verði fyrir vatni í grennd við skálann til þess að leið í söfnunartank og þaðan í salernishús. Einnig kemur fram að ekki verður grafið fyrir vatnslögn og hlýst því ekkert rask af hennar völdum. Vatnsleiðsla er ofanáliggjandi og einungis notuð á sumrin og tekin saman á veturna, eins og við marga aðra hálandisskála. Einnig kemur fram að um vatnslindina verði sett vatnsvernd skv. reglugerð nr. 796/1999 m.s.breyt. ( 533/2001) og skilgreint brunnsvæði. Einnig kemur fram að eftirlit með gæðum vatns og verndarsvæðum verði skv. reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001 að öðru leyti skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

### Frárennsli og rotþrær

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við áætlaðar framkvæmdir og frágang á frárennsli og rotþró.

### Framkvæmdatími

Umhverfisstofnun vill benda á að æskilegt er að velja framkvæmdartíma með tilliti til viðkvæmni lands og gróðurs. Við framkvæmd er mikilvægt að jarðrask og rask á gróðri verði halddið í lágmarki. Stofnunin telur brýnt að það komi fram í deiliskipulagsskilmálum að óheimilt er að gróðursetja framandi tré og plöntur á svæðinu enda er öll ræktun útlendra tegunda hér á landi óheimil á landi er friðlýstum svæðum og alls staðar ofar 500 metra hæðar yfir sjó.

### Niðurstaða

Umhverfisstofnun leggur ríka áherslu á að gerðar verði fullnægjandi ráðstafanir til að tryggja að svæði á náttúrumuinjaskrá og næsta nágrenni þess spillist ekki.

Hafa þarf í huga að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum við framkvæmd og bendir Umhverfisstofnun á að akstur utan vega er bannaður með lögum.

Að öðru leyti en því sem að framan greinir, gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi fyrir skálasvæði í Þjófadölum í Bláskógabyggð.

Virðingarfylgst  
Ólafur A Jónsson  
Deildarstjóri

Kristín S. Jónsdóttir  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur